

Ed.

108. Frumvarp til laga

[97. mál]

um breyting á lögum nr. 31 28. mars 1974, um ríkisábyrgð á launum við gjaldprot.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson.

1. gr.

1. málsgrein 2. gr. laganna orðist svo:

Ábyrgðin tekur til þeirra vinnulauna, sem forgangsréttur fylgir samkvæmt lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., svo og til orlofsgreiðslna. Sama gildir um bætur til launþega eða maka þeirra og barna, sem fyrirtæki hefur verið gert skylt að greiða vegna örorku eða dauðsfalls af völdum vinnuslysa, en fyrirtækið ekki greitt að fullu áður en það var úrskurðað gjaldprotá, svo og um bætur vegna riftunar eða uppsagnar á vinnusamningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1974 voru sett lög um ríkisábyrgð á launakröfum á hendur vinnuveitanda sem úrskurðaður hefur verið gjaldprotá. Lög þessi fólu í sér mikilvægar réttinda-bætur fyrir launafólk. Þau eru grundvölluð á þeirri hugsun að launafólk eigi ekki að tapa fjármunum sínum þótt vinnuveitandi verði gjaldprotá, hvort heldur um er að ræða vinnulaun, orlofsgreiðslur eða bætur vegna riftunar eða uppsagnar á vinnusamningi.

Með tilliti til þeirrar grundvallarhugsunar, sem í lögnum felst, er eðlilegt að ríkisábyrgðin nái einnig til þeirra bóta sem vinnuveitanda hefur verið gert skylt að greiða vegna örorku eða dauðsfalls af völdum vinnuslysa. Slíkar bætur samsvara í reynd öðrum fjárhagsskuldbindingum vinnuveitanda sem lögín taka nú til. Hins vegar eru gildandi lög orðuð á þann hátt að engin ábyrgð er tekin á kröfum þeirra sem eiga ógreiddar örorkubætur eða kröfum maka og barna sem eiga inni bætur vegna dauðsfalls. Nokkur hörmuleg dæmi eru um að þótt allir starfsmenn fyrirtækis hafi þrátt fyrir gjaldprot fengið laun sín greidd, hafi makar og börn glatað að fullu og öllu dánarbótum sem voru ógreiddar. Örorkubæturnar og dánarbæturnar glatast nú algerlega við gjaldprotið samkvæmt þeim úrskurði sem dómstólar byggja á núverandi orðalagi 2. gr. laganna. Með vaxandi tíðni vinnuslysa og þeirri óvissu, sem einkennir rekstrargrundvöll fjölmargra fyrirtækja, eru líkur á því að þessi galli laganna muni í ríkari mæli skerða afkomutryggingu þeirra sem örorku hafa hlotið af völdum vinnuslysa og maka og barna þeirra sem látist hafa á þann hátt.

Það frumvarp, sem hér er flutt, felur það í sér að ríkisábyrgðin taki ekki aðeins til launa heldur einnig örorkubóta og dánarbóta, sem ógreiddar eru þegar fyrirtækið er úrskurðað gjaldprotá. Hér er um að ræða sjálfsagða leiðréttingu á gildandi lögum sem fyllilega samrýmist anda þeirra og þeim samhjálp- og velferðarhugmyndum sem ríkjandi eru í okkar þjóðfélagi.